Skráningartafla: Strandvegur 80 Vestmannaeyjum. Mjölhús. **Skrásetjari:** Jón Guðmundsson arkitekt.
Landnúmer: 161404 **Kennitala:** 310551-3259
Matshlutanúmer: 01 Útgáfa: 4.01t **Dags.:** 3.-10.- 2016

Uppskipting og lýsing					Stærðir												
D0 Lokun	D1 Rými hæð-rið	D2 Notkun texti	D3 Höfuð-flokkun	D4 Eignar-hald	D5 Botnflötur m²	D5M Milliflötur m²	D6 Svigar m²	D7 Op m²	D8 Brúttóflötur m²	D9 Brúttóflötur sh < 1,8	D10a Salarhæð min	D10b Salarhæð max	D11 Brúttó rúmmál m³	D12 Nettóflötur m²	D16 Birt flatarmál m²	Reiknitala skiptarúmmáls	D17 Skipta-rúmmál m³
		Matshluti			2.756,3	0,0	0,0	0,0	2.756,3	0,0			26.018,5	2.662,7	2.756,3		24.625,485
		Botn											551,3				
	01	**1. hæð**			2.756,3	0,0	0,0	0,0	2.756,3	0,0			25.467,2	2.662,7	2.756,3		
A	0101	**Mjölgeymsla.**	N	0101	2.607,6				2.607,6		7,94	10,96	24.642,0	2.525,0	2.607,6	9,45	23.861,250
A	0102	**Tengigangur.**	U	0101	148,7				148,7		4,42	6,60	825,2	137,7	148,7	5,55	764,235

Athugasemdir

Húsið er byggt sem limtréshús, burðarvirki limtré og klætt með steinullareiningum, þak og veggir.

Sameignir sumra

Eignarhald

Eignar-hald	Notkun texti	Birt flatarmál m²	Skiptarúmmál Séreign m³	Séreign og sameign m³
0101	**Mjölgeymsla.**	2.756,3	24.625,485	24.625,485
	Alls	2.756,3	24.625,485	24.625,485

BYGGINGARLÝSING: Mjölgeymsla.

Mjölgeymslan er byggð sem léttbyggt limtréshús ofná steyptan sökkul, með 100 - 200 cm. sökkulveggum upp frá gólfplötu.
Húsið verður notað sem geymsla fyrir fullunnið mjöl, þannig að þar eru ekki fastir starfsmenn að staðaldri.

SÖKKLAR:
Sökklar eru steinsteyptir á fyllingu, sjá teikn. verkfræðings.

BOTNPLATA:
Botnplata er steypt á þjappaða fyllingu, sjá teikn. verkfræðings.

ÚTVEGGIR:
Útveggirnir eru, limtrés burðargrind og útveggirnir klæddir með 100 mm. láréttum steinullareiningum með lituðu stáli, utan og innan.

MILLIVEGGIR:
Milliveggur er EI. 90 léttbyggður veggur. með EI. 60 eldvarnarhurð.

ÞAK:
Þakið er byggt upp sem limtrésþak, með limtrésbitum og ásum. Ofaná limtréð verður klætt með steinullareiningu, 130 mm. Allt burðarvirki skal vera EI. 60
Í þakið verður komið fyrir ofanljósum með auðbrennanlegu plasti, 5 % af gólffleti sem virkar jafnframt sem reykræstin, samkvæmt reglugerðum.

KLÆÐNING:
Allar klæðningar í húsinu skulu að minnsta kosti vera í flokki I.

EINANGRUNARGILDI:

Botnplata	0,4 W/m²°C
Útveggir	0,4 W/m²°C
Gluggar & karmar	3,0 W/m²°C
Hurðir	3,0 W/m²°C
Þak	0,3 W/m²°C

Húsið skal að öllu leyti byggt í samræmi við gildandi reglugerðir.

Brunatæknilegar Skýringar.:

Húsinu er skipt upp í 2 sjálfstæð Eldhólf, annað 1695 m2 og 830,0 m2

Reykskynjurum og öðrum eldvarnarbúnaði í húsið skal komið fyrir í samræmi við reglugerðir.
Neyðarlýsing skal vera við allar útgönguleiðir.
Neyðarlýsing skal vera í húsinu.
Brunaslöngum verður komið fyrir í salnum, í samráði við eldvarnaeftirlit.
Reykræsting í báðum eldhólfunum er með auðbrennanlegu plasti í þaki hússins 5 % af gólffleti hvers eldhólfs fyrir sig.

BRUNAVARNIR

Flokkun og notkun byggingar
Í byggingunni verður mjölgeymsla til geymslu á þurrkuðu fiskimjöli, alls u.þ.b. 2607 m² og er hún í notkunarflokki I skv. byggingarreglugerð nr. 112/2012. Byggingin tengist tæknirými og þökkunarsal um tengigang.

Eftirfarandi brunavarnalýsing er gerð af Lotu ehf í október 2016.

Brunahólf
Húsið er tvö meginbrunahólf, annað u.þ.b. 1695 m² og hitt u.þ.b. 830 m², með EI 90 veggjum og EI 60-C/EI 60-CS hurðum.
Tengigangur er brunahólfaður frá mjölhúsi með EI 90 vegg og EI 60-C/EI 60-CS hurðum.
Klætt verður með tvöföldu gifsi a.m.k. 1 m inn á veggi og loft sitt hvoru megin við EI 90 vegginn til þess að ná a.m.k. 90 mínúna hólfun yfir 2 metra svæði (2x20 mín + 2x15 mín (samlokueiningar) + 2x20 mín).
Þakið á tengiganinum liggur lægra en þakið á mjölgeymslunni og skal það ná REI 60, a.m.k. 6 m út frá veggnum. Steinullareiningar í þakinu uppfylla þessi skilyrði.

Burðarvirki
Aðalburðarvirki hússins er limtrésgrind sem skal ná a.m.k. R60 brunamótstöðu.
Burðarvirki í meginbrunahólfunarskilum skal vera a.m.k. R90.
Ekki er talið þörf á að verja sérstaklega burðarvirki í þaki, vegna auðbrennanlegs plasts til reyklosunar á þaki.

Klæðningar
Útveggir og eru úr steinullareiningum sem uppfylla almennar kröfur til klæðninga í flokki 1.

Flóttaleiðir
Hvergi er lengra en 45 m í útgang eða annað brunahólf.
Frá hvoru brunahólfi eru a.m.k. tvær óháðar flóttaleiðir. Frá stærra brunahólfinu er önnur flóttaleiðin beint út og hin inn í minna brunahólfið og þaðan út. Frá minna brunahólfinu er önnur flóttaleiðin inn í stærra brunahólfið og þaðan út og hin út í gegnum tengigang sem er annað brunahólf.

Brunaviðvörunarkerfi
Viðurkennt númerað brunaviðvörunarkerfi verður í húsinu skv. reglum Mannvirkjastofnunar.
Kerfið verður tengt við önnur kerfi Vinnslustöðvarinnar á þessu svæði, sem tengd eru viðurkenndri vakstöð. Stjórnstöð/útstöð ásamt yfirlitsmynd verður í tölflurými inn af tengigangi.

Reyklosun
Reyklosun verður um auðbrennanlegt plast í þaki. Í Stærra brunahólfinu verður möguleg reyklosun u.þ.b. 92 m² og í minna brunahólfinu verður möguleg reyklosun u.þ.b. 45 m², hvor um sig a.m.k. 5% af gólfflatarmáli.

Slökkvitæki
Slökkvitæki skulu m.a. staðsett við innganga en auk þess víðar skv. reglum. Hámarks fjarlægð í næsta slökkvitæki má hvergi vera meira en 25 m. Slökkvitækin skulu sett upp af viðurkenndum aðila.
Staðsetning slökkvitækja skal merkt með til þess gerðum skiltum af hæfilegri stærð miðað við sjónfjarlægð.

Út- og neyðarlýsing
Út- og neyðarlýsing verður sett upp í öllu húsinu skv. byggingarreglugerð.
Reikna skal með a.m.k. 0,5 lux í mjölgeymslunni (>60 m²).

Aðkoma slökkviliðs og vatnsþörf
Aðkoma slökkviliðs að húsinu er annars vegar um Hafnargötu og hafnarkantinn og hins vegar frá Strandvegi. Einnig verður mögulegt að aka meðfram annarri langhlið hússins.
Slökkvivatnsþörf fyrir stærra brunahólfið er skv. útreikningum um 63 l/sek.

Eftirlit og viðhald brunavarnakerfa
Þjónustusamningur verður gerður um eftirlit og viðhald á brunavarnakerfum hússins (brunaviðvörunarkerfi, handvirkum slökkvibúnaði og út- og neyðarlýsingu). Sett skal upp eigið eftirlitskerfi brunavarna fyrir Vinnslustöðina.

Brunavarnarskýrslan á bæði við um Mjölhúsið og Tengibygginguna.



Sneiðing. 1 : 100

Mjölgymsla. Vinnslustöðin Vestmannaeyjum.

VERK. NR. 349 DAGS. 30. - 3. - 2016 MÁL. 1:100
TEIKN. NR. 03 BREYTT.

JÓN GUÐMUNDSSON ARKITEKT. KT. 310551-3259
VINNUSTOFA SUÐURLANDSBRAUT 16 REYKJAVÍK SÍMI 552 5055

Samþ. sem Hönnunarstjóri.

Mjölgeymsla.1805.dwg 21.10.2016 11:04 JonG